

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku.

Samkvæmt lögum nr. 66/1976 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku er taki gildi 1. janúar 1998:

Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku nr. 318 6. júní 1996, með áorðnum breytingum:

Allir rafhitataxtar hækka um 1,7%.

Almennur taxti A1 lækkar um 4,2%.

Breytingin gildir frá og með 1. janúar 1998.

Iðnaðarráðuneytinu, 19. desember 1997.

F. h. r.

Kristmundur Halldórsson.

Steinunn Bjarman.

Nr. 713

19. desember 1997

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, B-hluta.

Samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923 og orkulögum nr. 58/1967, sbr. reglugerð Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 451/1977, með síðari breytingum, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur er taki gildi 1. janúar 1998.

Gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, B-hluti, nr. 383 10. júní 1997, breytist þannig:

2. gr. Raforkugjöld lækka um 2,0%, önnur en B.2 Útílysing, viðhaldsgjald.
3. gr. Heimtaugargjöld, mælaleiga, tengigjald, álestrargjald, innheimtugjald, verða óbreytt.

Iðnaðarráðuneytinu, 19. desember 1997.

F. h. r.

Kristmundur Halldórsson.

Steinunn Bjarman.

Nr. 714

18. desember 1997

REGLUGERÐ

um (28.) breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, afgreiðslu þeirra og merkingu nr. 421/1988.

1. gr.

Eftirfarandi nýtt eyðublað fyrir umsókn til lyfjanefndar ríkisins um leyfi til að nota lyf sem ekki hefur markaðsleyfi á Íslandi bætist við viðauka 1 við reglugerðina:

Umsókn til lyfjaneðndar ríkisins um leyfi til að nota lyf sem ekki hefur markaðsleyfi á Íslandi (sbr. 4. og 7. gr. lyfjalaga nr. 93/1994). Samþykkt leyfi gildir sem lyfseóill og/eða pöntun.

Upplýsingar um lyfið	Umsækjandi (læknir, tannlæknir, dýralæknir, stofnun). Fullt póstfang.		<input type="checkbox"/> Lyfseóill fyrir sjúkling/eiganda dýrs	Afhendist apóteki
			<input type="checkbox"/> Pöntun fyrir sjúkrahús/stofnun	Sendist til lyfjaneðndar ef það á við
			<input type="checkbox"/> Pöntun frá dýralækni	
			<input type="checkbox"/> Pöntun vegna klínískrar rannsóknar	Sendist beint til lyfjaneðndar ríkisins
	Virki/virk efni (INN-heiti (ef þekkt))		Sérheiti	
	Lyfjaform		Styrkleiki virks efnis	Pakkningarstærð
	Fjöldi pakkninga, sem sótt er um	Afgreiðist _____ sinni / sinnum á _____ daga fresti		
	Framleiðandi/innflytjandi	ATC-flokkun (ef þekkt)	Vörunúmer	
Upplýsingar um sjúkling/stofnun/dýr	Heiti sjúklings/stofnunar/sjúkradeildar/dýralæknis/eiganda dýrs			
	Heimilisfang		Kennitala	
	Abending			
	Skömmun og notkunarleiðbeiningar			
	Fyrir dýralyf þarf að upplýsa um biðtíma fyrir afurðanýtingu, ef það á við.		Apótek/sjúkrahúsapótek	
	Mjólk:	Slátrun:		
Útskýringar og rök	Rökstuðningur fyrir ósk læknis um notkun lyfisins (við endurtekna umsókn þarf rökstuðningur að koma fram í hvert skipti)			
Ákvörðun og undirskrift	Undirrituðum er að fullu ljóst að sá sem ávísar lyfi sem ekki hefur verið metið af heilbrigðisyrfrvöldum, tekur á sig ábyrgð gagnvart sjúklingi. Honum ber að sýna sérlega aðgát hvað varðar gæði, eiturefnafræði, lyfjafræði, klínísk áhrif og aukaverkanir lyfisins. Dýralæknir er einnig ábyrgur fyrir því að dýraeigandi sé upplýstur um biðtíma fyrir afurðanýtingu.		Umsógn lyfjaneðndar	
	<u>Dagsetn.</u> <u>Undirskrift læknis/tannlæknis/dýralæknis</u>		<input type="checkbox"/> Umsókn samþykkt	
	<u>Læknanúmer</u> <u>Nafn</u>		<input type="checkbox"/> Umsókn endursend vegna eftirfarandi:	
	(einnig skrifað með prentstöfum eða stimplað, sé umsækjandi annar)		<input type="checkbox"/> Ófullnægjandi upplýsingar um lyfið	
Stimpill apóteks:		<input type="checkbox"/> Ófullnægjandi rök fyrir notkun		
		<input type="checkbox"/> Umsókn hafnað vegna eftirfarandi:		
		<input type="checkbox"/> Sambærilegt sérlyf skráð		
		<input type="checkbox"/> Annað		
		Skýringar		
		Dagsetning	F.h. lyfjaneðndar ríkisins	

2. gr.

Eftirfarandi lyf er fellt úr viðauka 4 við reglugerðina:

Ephedrinum
Terfenadinum

3. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á viðauka 4 við reglugerðina:

Efni	Hámarks magn og/eða takmarkanir.	Dæmi um lyf og lyfjaform er selja má án lyfseðils.	Áletrun og/eða upplýsingar á fylgiseðli, sem afhenda skal með lyfinu.
Levocabastinum	Augndropar. Í hverjum dropa 15 míkrog. Mest 4 ml handa einstaklingi.	Livostin , augndropar 0,5 mg/ml.	Samkvæmt ákvörðun lyfjanevndar ríkisins.
Lindanum (hexicidum)	Lyfjaform til útvortis notkunar, mest 10 mg/g eða 10 mg/ml (1%)	Quellada , hársápa	Samkvæmt ákvörðun lyfjanevndar ríkisins

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 44. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, öðlast gildi 1. janúar 1998.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 18. desember 1997.***Ingibjörg Pálmadóttir.**

Einar Magnússon.

Nr. 715

22. desember 1997

AUGLÝSING**um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins.**

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins er taki gildi 1. janúar 1998.

Gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins nr. 365 24. júní 1996, með áorðnum breytingum, breytist þannig:

Gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins fyrir smásölu og heildsölu orku hækkar um 1,7% með tveimur undantekningum:

Orkuverð vegna götulýsingar lækkar úr 7,75 kr. í 6,83 kr/kWh en við bætist nýr liður: viðhaldsgjald vegna götulýsingar 2,00 kr/kWh.

Orkuverð marktaxta hækkar að auki um 0,45 kr/kWh, en á móti er aukinn afsláttur á húshitun um sömu upphæð 0,45 kr/kWh.

Tengigjöld hækka frá sama tíma í samræmi við breytingu á byggingarvísitölu frá janúar 1997 til janúar 1998.

Iðnaðarráðuneytinu, 22. desember 1997.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Steinunn Bjarmann.